



Reykjavík, 9. september 2024

USK24080125

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Flokkur óskar upplýsinga um hvers vegna hægrri aðrein til vesturs á gatnamótum Háaleitisbrautar og Bústaðarveggar hafi verið fjarlægð. Einnig hvort fleiri aðreinar hafi verið fjarlægðar og hvort það sé á stefnuskránni að fjarlægja fleiri aðreinar í borgarlandinu?

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Á gatnamótum Háaleitisbrautar og Bústaðarveggar er mikil umferð og tefur það umferð mikið að þessi aðrein til vesturs hafi verið fjarlægð. Slíkar aðreinar hjálpa til við að halda flæði umferðar. Eins og flestir vita þá kvarta borgarþáttar mjög yfir umferðartöfum og að fjarlægja aðreinar eykur á tafir. Vissulega getur verið um umferðaröryggismál að ræða en gott væri að fá upplýsingar um hver ástæðan er og hvort þær sé að rekja til slysa af einhverju tagi

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 21. ágúst 2024.

Svar:

Farið var í umræddar aðgerðir samhliða framkvæmdum á hjólastíg. Þessar aðgerðir stytta leiðir gangandi og hjólandi vegfarenda, auka öryggi þeirra og á sama tíma einfalda og minnka umfang gatnamótanna. Farið hefur verið í slíkar aðgerðir á fleiri stöðum til að auka umferðaröryggi en alltaf sem hluta af öðrum framkvæmdum. Má þar nefna t.a.m. gatnamót Sæbrautar og Sægarða, Sæbrautar og Snorrabrautar og á Bústaðaveg við Litluhlíð. Gera má ráð fyrir að slík aðgerð verði lögð til á fleiri stöðum ef tilefni þykir með tilliti til öryggis gangandi og hjólandi vegfarenda. Á sama tíma verður horft á hvaða áhrif slíkar aðgerðir hafa á flæði umferðar. Til að mynda var á gatnamótum Sæbrautar, Skeiðarvogs og Kleppsmýrarveggar sem og á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, ákveðið að fjarlægja ekki hægribeygjufrahhjálaupin en gera þess í stað umfangsminni lagfæringar sem bæta aðstæður gangandi og hjólandi vegfarenda ekki eins mikið.



Reykjavík



Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík